

Garðabær  
Anna María Guðmundsdóttir  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 17. október 2022  
UST202209-290/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing - Rammahluti aðalskipulags og deiliskipulagsáætlanir- Samgöngu- og þróunarás í Garðabæ (Þróunarsvæði A og Hafnarfjarðarvegur)**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags og deiliskipulagsáætlunar fyrir samgöngu- og þróunarás í Garðabæ (Þróunarsvæði A og Hafnarfjarðarvegur).

Í erindinu kemur fram að viðfangsefni skipulagsvinnunnar er m.a. að skilgreina nánar legu Borgarlínu og staðsetningu Borgarlínustöðva eftir Hafnarfjarðarvegi, fyrirkomulag þess hluta Hafnarfjarðarvegar sem fer í stokk, og uppbyggingu og þéttleika í nýjum bæjarkjarna og nálægum uppbyggingarsvæðum.

### **Umhverfi og staðhættir – Náttúruverndarsvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að fjalla um svæði sem er á náttúruminjasrá og fellur undir aðrar náttúruminjar samkvæmt náttúruverndarlögum og nefnist það Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi.

Auk þess er friðlýst svæði í jaðri skipulagssvæðisins sem nefnist Skerjafjörður innan Garðabæjar,<sup>1</sup> en samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Einnig er *Álftanes – Skerjafjörður* skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ofangreindir þættir komi fram í skipulagstillögunni og að tillagan rýri ekki verndargildi svæðanna.

### **Vatnsgæði**

Í mati á umhverfisþáttum fyrir vatnsgæði ætti, að mati Umhverfisstofnunar, að taka mið af lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/friðlyst-svaedi/sudvesturland/skerjafjordur-gardabae/>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/alftanes-skerjafjordur>

ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

### **Loftgæði og loftslag**

Í mati á umhverfisþáttum fyrir loftgæði ætti, að mati Umhverfisstofnunar, að taka mið af áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almennigur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Í greinargerð lýsingarinnar segir á bls.16: „Viðmið úr reglugerðum um loftgæði, s.s. 10. gr.“ Umhverfisstofnun bendir á að tekið sé mið af reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði við gerð tillögunnar. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt sé að tekið sé mið af viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar og haft til hliðsjónar.

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að æskilegt sé að líta til, við gerð tillögunnar, *Aðgerðaaætlunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum*, sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.<sup>3</sup>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*

---

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>